

Skýrsla verkefnisins Við langeldinn / Við eldhúsbörðið í Garðabæ

Styrkt var verkefni á vegum Garðabæjar sem stýrt var af Ólöfu Breiðfjörð menningarfulltrúa bæjarins. Samstarfsaðilar voru Hönnunarsafn Íslands, Bókasafn Garðabæjar og Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur. Dagrún Ósk Jónsdóttir doktor í þjóðfræði tók við af Ragnheiði Traustadóttur þar sem Ragnheiður var að mestu í verkefnum á Seyðisfirði eða í Noregi. Ásamt menningarfulltrúa Garðabæjar var það safnstjóri Hönnunarsafns Íslands, Sigríður Sigurjónsdóttir og sérfræðingur á safninu Þóra Sigurbjörnsdóttir sem og verkefnisstjóri á bókasafni, Díana Jóhannsdóttir sem leiddu verkefnið. Þær Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur og Ásgerður Heimisdóttir handverkskona störfum með Ólöfu Breiðfjörð að hugmyndavinnu og skipulagningu viðburða allan tímann.

Leitast var eftir að varpa ljósi á hvernig lífið á landnámsöld var í samanburði við líf fólks í dag og þannig víkka sjóndeildarhring barna og skapa umræður um líf fólks þá og nú. Meðal spurninga voru: Hvað er líkt og hvað er ólíkt með lífi okkar í dag og landnámsfólks? Getum við sett okkur í spor landnámsfólks með því að reyna að rýna í viðfangsefni þeirra?

Kveikjan að verkefninu var *Minjagarðurinn á Hofsstöðum* í Garðabæ en unnið var að margmiðlunarsýningunni *Aftur til Hofsstæða* og verkefnið í raun hugsað sem upptaktur að opnun sýningarinnar sem byggir á fornleifauppgrefti sem Ragnheiður Traustadóttir leiddi og hófst árið 1994. Sýningin var opnuð á Safnanótt, 3. febrúar 2023.

Fagaðilar ýmiskonar voru fengnir til að kenna smiðjur svo sem ullarvinnslusmiðju og aðrar handverkssmiðjur, teiknimyndasmiðjur, ritsmiðjur, arkitekta- og hönnunarsmiðjur auk skylminga og útskurðar og fleiri viðburða sem höfðu líf landnámsfólks að leiðarljósi á einn eða annan hátt.

Markmið verkefnisins var að jafna aðgengi barna og ungmenna að fjölbreyttum og vönduðum list- og handverksviðburðum. Jafnframt var markmiðið að víkka sjóndeildarhring og bjóða viðburði með fræðimönnum á borð við þjóðfræðinga og sagnfræðinga sem yrðu í samstarfi við listamenn eða handverksfólk. Sérstaða verkefnisins er *Minjagarðurinn á Hofsstöðum* sem er annar stærsti landnámsskáli sem fundist hefur á Íslandi og sú staðreynd að Hönnunarsafn Íslands er staðsett í Garðabæ. Margmiðlunarsýningin *Aftur til Hofsstæða* reyndist ekki liður að verkefninu vegna seinkunnar á opnun. Sýningin var opnuð þann 3. febrúar 2023 en þjóðfræðingur vann að fræðsludagskrá fyrir skólahópa sem nú njóta fræðslu á þessari nýstárlegu sýningu.

Einhverjum smiðjum var frestað vegna heimsfaraldurs og þátttaka oft á tíðum ekki mikil. Til að bæta upp fyrir samkomubann voru gerðar eftirfarandi viðbætur við verkefnið Við langeldinn/ Við eldhúsbörðið:

Þrír þættir með Dagrúnu Ósk Jónsdóttur þjóðfræðingi voru framleiddir. Þættirnir fjalla um landvættina, huldufólk og leiki barna og voru sýndir á vefmiðlum Garðabæjar en einnig í skólum. Reglulega er minnt á þættina á miðlum og innan skólasamfélagsins enda er ýmsu þjóðlegu efni gerð góð skil á skemmtilegan hátt en Ari Yates myndskreytti þættina. Dagrún Ósk Jónsdóttir samdi handrit og kemur fram í þáttunum sem Hafdal framleiðsla tók upp og vann.

Þá samdi Dagrún Ósk einnig kennsluefni og ýmsa texta í samstarfi við Hring Hafsteinsson hjá Gagarín og kom þannig að móttöku barna og skólahópa á sýninguna *Aftur til Hofsstæða*. Kennsluefnið var hannað og prentað og er notað þegar 5. bekkingar heimsækja sýninguna. Fræðsluefnið var ekki liður í upphaflegri hugmynd heldur eingöngu margmiðlunarefni og ratleikur á skiltum. Þegar leið á verkefnið og gerð sýningarinnar *Aftur til Hofsstæða* þótti ljóst að sérhannað og prentað fræðsluefni þar sem nemendur gætu skrifað og teiknað hugmyndir sínar um flutninga fólks á landnámsöld væri í raun nauðsynlegt. Efnið miðar að því að opna augu nemenda fyrir lífi landnámsfólks vs. okkar lífi í dag líkt og útgangspunktur smíðjanna í verkefninu Við langeldinn / Við eldhúsbörðið var.

Þar sem seinkunn varð á opnun á endurbættum Minjagarði á Hofsstöðum og margmiðlunarsýningunni *Aftur til Hofsstæða* skiptust smíðjur jafnt á milli Bókasafns Garðabæjar og Hönnunarsafns Íslands en auk þess fóru nokkrir viðburðir fram á Garðatorgi.

Enn önnur viðbót við verkefnið var ríkari áhersla á móttöku skólahópa en þó samkomutakmarkanir leyfðu ekki viðburði fyrir börn og foreldra var mögulegt að taka móti skólahópum. Þá voru utanaðkomandi lista- og fræðimenn fengnir til að taka á móti hópum enda ekki safnkennari í Hönnunarsafni Íslands þar sem móttaka flestra hópanna fór fram.

Útvíkkun og áframhald verkefnisins Við langeldinn/Við eldhúsbörðið

Eins og áður hefur komið fram var gerð fræðsluefnis viðbót við fyrirhugaða margmiðlunarsýningu og ratleik á fræðsluskiltum á milli *Aftur til Hofsstæða* á Garðatorgi 7 og *Minjagarðsins á Hofsstöðum*. Ratleiknum er ætlað að varpa fram spurningum sem verða til samtals hvort sem er hjá skólahópum eða börnum með fjölskyldu sinni. Ratleikurinn leiðir gesti í Minjagarðinn þar sem ný og uppfærð sýning verður opnuð fyrir Barnamenningarhátíð í Garðabæ í apríl 2023. Þá var vefurinn www.afturtilhofsstada.is gerður en bæði skólahópar sem og almenningur getur nýtt sér efni vefsins sem hverfist um landnámsfólk og lífið í landnámskálanum á Hofsstöðum. Vefurinn var áður eingöngu aðgengilegur í gegnum skjái í Minjagarðinum en efnið er nú sökum tæknibreytinga óaðgengilegt og því ráðist í gerð vefs sem gæti nýst hvar sem er en kostnaður við gerð vefsins var ekki liður í upphaflegri kostnaðaráætlun og nemur um 9 milljónum króna.

Frá febrúar 2023 er boðið upp á smíðju eða fræðslu um sýningarnar *Aftur til Hofsstæða* og *Minjagarðinn á Hofsstöðum* í hverjum mánuði. Þá er ráðgert að bjóða upp á sumarnámskeið fyrir börn sem tengist verkefninu Við langeldinn/Við eldhúsbörðið og þannig muni verkefnið Við langeldinn/Við eldhúsbörðið sannarlega lifa áfram.

Markmið verkefnisins var að bjóða börnum á dagskrá þar sem viðfangsefnið væri lífið á landnámsöld og öllum viðburðum var ætlað að vekja upp spurningar um líf okkar í dag í samanburði við líf barna og fjölskyldna á landnámsöld. Lýðræðisleg virkni barna í verkefninu hefur bersýnilega komið í ljós í smíðjum þar sem börn og fjölskyldur vinna saman að verkefnum og samtal hefur myndast milli leiðbeinanda s.s. þjóðfræðings og handverksfólks og gesta. Þá hefur verkefni fyrir skólabörn á sýningunni *Aftur til Hofsstæða* verið sérstaklega til þess fallið að stuðla að lýðræðislegri virkni barnanna sem tjá sig um ýmislegt er kemur flutningum á milli landa nú og á landnámsöld.

Meðfylgjandi myndir af bæklingi Menningar í Garðabæ geta varpað ljósi á hvernig viðburðir undir merkjum Við langeldinn/Við eldhúsbörðið voru kynntir. Þá fylgja með nokkur dæmi af facebooksíðum bæjarins.

Yfirlit dagskrár:

5. september 2021 Hönnunarsafn Íslands

Peningasmiðja með Rán Flygenring og Stefáni Pálssyni. Vangaveltur um gjaldmiðil landnámsmanna.

<https://fb.me/e/2eVWfeKy9>

18. september 2021 Bókasafn Garðabæjar

Teiknimyndasmiðja með Sól Hilmarsdóttur. Lífið á landnámsöld viðfangsefnið.

<https://fb.me/e/2qJ5KpBRX>

3. október 2021 Hönnunarsafn Íslands

Matvælaumbúðir þá og nú. Vöruhönnuðir leiða smiðju og rætt hvernig matvæli voru geymd og borin fram á landnámsöld og hvernig það er gert í dag. Þær Auður Ösp Guðmundsdóttir og Embla Vigfúsdóttir leiddu smiðjuna. <https://fb.me/e/2qNNTF9MH>

16. október 2021 Bókasafn Garðabæjar

Brynhildur Þórarinsdóttir leiðir ritsmiðju um börn á landnámsöld. <https://fb.me/e/19ICM1vHi>

7. nóvember Hönnunarsafn Íslands

Landeldurinn v.s sjónvarpssófinn. Skókassasmiðja sem byggir á landnámsskála og nútímaheimili. Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur og Ásgerður Heimisdóttir Hönnuður leiða.

<https://fb.me/e/8sNApUzdS>

27. nóvember Bókasafn Garðabæjar

Hnefatafl v.s nútímatafl. Félagar úr taflfélagi Garðabæjar leiðbeina, frestaðist um viku v. Covid-veikinda. <https://fb.me/e/4TJsnRcwG>

5. desember Hönnunarsafn Íslands

Jólagjafir þá og nú. Fengu krakkar á landnámsöld gjafir? Dagrún Ósk þjóðfræðingur og Ásgerður Heimisdóttir hönnuður leiða jólagjafasmiðju. <https://fb.me/e/44KTcRYKO>

Janúar-febrúar 2022

Vegna samkomutakmarkana komu þrír þættir á vef í stað viðburða.

<https://vimeo.com/gardabaer/landvaettirnir>

<https://vimeo.com/gardabaer/leikirbarna>

<https://vimeo.com/gardabaer/huldufolkid>



Frestun: 9. janúar 2022 Hönnunarsafn Íslands

Kertasmiðja sem frestaðist þar til 19. nóvember vegna samkomutakmarkanna. Ísabella Leifsdóttir leiddi fjölmenna smiðju.

Frestun: 15. janúar 2022 Bókasafn Garðabæjar

Arndís Þórarinsdóttir les úr bók sinni Bál tímans og í kjölfarið fer fram teiknitímaflakk með Íslenska Myndasögusamfélaginu. Frestaðist til 17. september.

Frestun: 6. febrúar 2022 Hönnunarsafn Íslands

Regnbogar, þjóðtrú og föndur. Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur og Ásgerður Heimisdóttir hönnuður -Smiðjan festaðist til 9. apríl þegar Barnamenningarhátíð lauk.

Frestun: 19. febrúar 2022 Bókasafn Garðabæjar

Sverðaglamur með Rimmugýg sem sýnir listir og leiðbeinir áhugasömum um skylmingar. Frestaðist til 19. mars.

6. mars 2022

Tóvinnusmiðja með Ásthildi Magnúsdóttur sem fræddi gesti um tóvinna í gegnum tíðina.

<https://fb.me/e/2iflRoM4I>

19. mars 2022 Bókasafn Garðabæjar

Sverðaglamur með Rimmugýgi og rúnasmiðja. Rimmugýgur sýndir listir á yfirbyggðu torgi og Áslaug Baldursdóttir kennir rúnaletur á Bókasafninu. <https://fb.me/e/84myqdoZv>

Féll niður: 3. apríl 2022

Sápugerðarsmiðja sem féll niður vegna covidveikinda leiðbeinanda.

Vikan 4. – 8. apríl fór fram Barnamenningarhátíð í Garðabæ

Börnum í 3. bekk var boðið í skipasmíðasmiðjur á Garðatorgi. Vöngum var velt yfir aðstæðum barna á landnámsöld. Það voru myndlistarkonurnar Rakel Andrésdóttir og Salka Rósinkranz sem leiddu smiðjurnar og tóku á móti alls rúmlega 300 börnum í alls 15 smiðjum.

Börnum í 7. bekk var boðið í regnbogasmiðjur á Hönnunarsafni Íslands með Dagrúnu Ósk Þjóðfræðingi og Ásgerði Heimisdóttur hönnuði. Um 330 börn tóku þátt í alls 15 smiðjum en afraksturinn mátti sjá hanga í trjám við Hönnunarsafnið. Umfjöllun um þjóðtrú tendri regnbogum var í umsjón Dagrúnar.

Ritsmiðja fyrir 5. bekkina undir stjórn Gunnar Helgasonar var vel sótt en Gunnar náði að virkja alla nemendur í 5. bekk í samtals 12 smiðjum á Bókasafni Garðabæjar.

9. apríl 2022 Bókasafn Garðabæjar

Víkingaskipasmiðja á Barnamenningarhátíð á yfirbyggðu torginu. Skip smíðað úr pappakassa og endurnýtanlegu efni. <https://fb.me/e/fGdFF4Mc>

9. apríl 2022 Hönnunarsafn Íslands

Regnbogasmiðja með Dagrúnu Ósk og Ásgerði Heimisdóttur. Þjóðfræðipælingar og föndur fyrir alla fjölskylduna. <https://fb.me/e/5JKPiI7vF>

1. maí 2022 Hönnunarsafn Íslands

Kröfuspjöld-hvað kröfur gerði landnámsfólk og hvernig kröfuspjöld hefðu þau gert? Dagrún Ósk Jónsdóttir þjóðfræðingur og Ágerður Heimisdóttur liða pælingar og smiðju. <https://fb.me/e/2EnRa0dbf>

21. maí 2022 Bókasafn Garðabæjar

Lærið að tálga með tálgunarmeistararnum Bjarna Kristjánssyni. Börn hafi fullorðna sér til aðstoðar, tímasetningarnar kl. 13 og kl. 14 voru í boði og fullbókað.

<https://fb.me/e/1HzhTpc3r>

17. september 2022 Bókasafn Garðabæjar

Handritasmiðja með Árnastofnun í tengslum við Bál tímans, bók Arndísar Þórarinsdóttur. <https://fb.me/e/1H1ISfsFd>

2. október 2022 Hönnunarsafn Íslands

Kniplsmiðja, gamalt handverk kennt af formanni Heimilisiðnaðarfélags Íslands. <https://fb.me/e/47SCet0hz>

15. október 2022 Bókasafn Garðabæjar

Ævintýrasigling til Íslands með þjóðfræðingnum Dagrúnu Ósk Jónsdóttur. Dagrún fjallar um sjókort og leiðina til landsins fyrir landnámsmenn. <https://fb.me/e/3GAtZpvH0>

Alls fóru fram 46 smiðjur auk þriggja fræðsluþátta.

Dagskrá fyrir skólahópa fór fram í Hönnunarsafninu auk Bókasafns Garðabæjar. StudioStudio sá um hönnun á kynningarefni sem prentað var út sem bæklingur á hverri önn og sem plaköt með mánaðarlegri dagskrá, hvorutveggja einnig birt rafrænt. Svansprent sá um prentun á efni. Samlesnar auglýsingar í Rúv fóru fram og auglýst mánaðarlega í Garðapóstinum en auk þess birtar margar greinar í blaðinu um verkefnið Við langeldinn / Við eldhúsborðið.